

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 7. september 2017 - R17090018

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
	Annað:	
R17090027	Yfirlýsing frá Íbúasamtökum Árbæjar, Ártúnshöfða og Seláss vegna sumarhátíðar Árbæjar 2017, dags. 28. ágúst 2017	Til meðferðar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara
R17080018	Erindi Sverris Guðjónssonar og baráttusamtaka miðborgar, dags. 8., 29. og 30. ágúst 2017, um hljóðmengun í grjótaþorpi.	Sent borgarfulltrúum og heilbrigðiseftirlitinu til kynningar.
R17050218	Svar skrifstofa eigna og atvinnuþróun, dags. 31. ágúst 2017, við umsókn Lífskoðunarfélagsins DÍA Mats, dags. 26. maí 2017, um úthlutun lóðar án endurgjalds.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17080098	Árshlutauppgjör Sorpu bs. janúar-júní 2017.	Sent fjármálaskrifstofu til meðferðar.
R17080184	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá 31. ágúst 2017 um kostnað vegna flutnings bílastæðasjóðs	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.

Yfirlýsing frá Íbúasamtökum Árbæjar, Ártúnsholts og Seláss vegna Sumarhátíðar Árbæjar 2017.

Íbúasamtök Árbæjar, Ártúnsholts og Seláss lýsa hér með yfir áhyggjum sínum yfir þeirri þróun sem nú hefur átt sér stað í hverfum borgarinnar og í Árbænum.

Við höfum haldið Sumarhátíð Árbæjar síðustu þrjú ár en þurftum því miður að fella niður hátíðina í ár vegna ónægrar fjármögnunar. Við sóttum um hámarksstyrk frá Hverfissjóði Reykjavíkurborgar að upphæð 700 þúsund króna. Hverfissjóður hefur veitt okkur styrk síðustu 3 ár en þá líkt og núna sóttum við um hámarks styrk en alltaf fengið 400 þúsund krónur en í ár var upphæðin lækkuð niður í 300 þús þrátt fyrir að hátíð sem þessi er að kosta um 2 milljónir og kostnaður hefur aukist með hverju ári vegna aukinar aðsóknar og einnig eru aðföng og listamenn dýrari með hverju árinu. Þessi lækkun nemur 25% frá árunum á undan þar sem hátíðin hefur fengið 400 þúsund.

Við höfum miklar áhyggjur af því að menningar og fjölskylduhátíðir í úthverfum Reykjavíkurborgar skipti Reykjavíkurborg ekki sama máli og það sem gerist í miðborg Reykjavíkur sem og Breiðholti. Því til rökstuðnings má nefna verkefnið Tónlistarborgin Reykjavík og 30 milljóna sjóður sem var settur í gang fyrir miðborg RVK. Breiðholtsfestival fékk í styrk frá Reykjavíkurborg 2.250.000 krónur og 700 þús frá Landsbankanum. Okkur Árbæingum sárnaði mjög að sjá misskiptinguna þarna í styrkjum milli þessara tveggja úthverfa. Að við skyldum fá 42% af þeirri upphæð sem við sóttumst eftir meðan Breiðholti fékk fullan styrk þrátt fyrir að vera með fjöldan allan af öðrum styrkjum á vegum RVK og einnig frá Landsbankanum. Einnig er mjög sérstakt að Borgarráð Reykjavíkur skuli samþykkja styrk upp á 500 þúsund krónur eftir að hátíð lauk en þær upplýsingar liggja fyrir í fundargerð Borgarráðs.

Sjá link á fundargerð Borgarráðs þar sem þessi styrkur Breiðholts festivals var samþykktur.

<http://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-5456>

Við erum ekki að gera lítið úr hátíð Breiðhýltinga, þvert á móti þá er þetta frábært hjá þeim hvernig þeir ná að safna þessum styrkjum.

Við í Íbúasamtökum Árbæjar, Ártúnsholts og Seláss höfum að okkar mati unnið mjög gott starf hér í hverfinu með þessa hátíð. Þar sem við reynum að fá íbúa til að fjölmenna á Árbæjartorgið einu sinni ári og njóta samveru hvers annars. Á þessari hátíð hafa komið fram landsþekktir listamenn eins og Jón Jónsson, Friðrik Dór, Hreimur, Emmsjé Gauti, Glowie, hljómsveitin Bandmenn, Sirkus Íslands, Íþróttarálfurinn, töframenn, Lína Langsokkur, Sóla sögukona einnig hafa ungir listamenn úr hverfinu stigið á svið ofl. a Einnig erum við með andlistsmálun, hoppukastala, dansatriði, fimleikasýningu, sögustund, flóamarkað, matarmakaður svo hafa lögregla og slökkvilið höfuðborgarsvæðis komið og sýnt bíla og aðbúnað yngri kynslóðarinnar til mikils gamans ofl. Allar veitingar sem eru í boði á hátíðinni eru fríar hjá okkur þar sem við viljum að allir og þá sérstaklega börnin sitja við sama borð er varðar efnahag og aðstæður íbúa og getið notið sömu upplifunar og veitinga á þessari hátíð okkar. Meðal veitingar sem boðið er upp á eru grillaðar pylsur, pizzur, vöfflur, kleinur, mjólk, gos, kaffi ofl.

Fjöldi gesta hefur farið fjölgandi milli ára og árið 2016 komu um 2.200 manns á hátíðina sem nema tæplega 20% íbúa hverfisins.

Öll þessi vinna okkar er í sjálfbæravinnu og hefur stjórn íbúsamtakana engan fjárhagslegan ávinnig af þessu starfi sem við gefum af okkur. Því finnst okkur ansi sárt þegar Reykjavíkurborg og þeir sjóðir á vegum borgarinnar eru ekki tilbúinir til þess að stykja þetta verkefni. Eftir að þessi hátíð var sett í gang þá var hætt með menningardaga Árbæjar sem var framkvæmd af Hverfisráði Árbæjar og því sparnaður fyrir Reykjavíkurborg.

Hverfisráð Árbæjar þarf að koma að miklu meiri krafti inn í svona verkefni í hverfinu en þá þurfa þeir einnig meiri fjárhagslegan stuðning frá RVK eða þá sýna frumkvæði með því að sækja styrki eða leiðbeina grasrótum í hverfunum um leiðirnar til að sækja styrkina. Það er ekki nóg að vera áhorfandi í þessu ef við viljum sjá hverfið okkar vaxa og dafna í rétta átt.

Hér getið þið séð alla þá styrki sem Breiðholts Festivalið fékk eða þá sem taldir voru upp í styrktarbeiðni þeirra til Borgarsjóðs, töldu þeir upp þá styrki sem þeir hefðu fengið.

Einnig má þess geta að þessi hátíð í Breiðholti er launuð vinna hjá þeim en það sést á útgjaldaliðum að þeir greiða sér hátt í milljón í laun (og er það fyriræki sem er að halda hátíðina) . Kannski er það leið okkar til að auka kostnað enn meira og fá meiri styrki?

Hætta að vinna þessa vinnu fyrir hverfið af hugsjón, áhuga og metnaði fyrir hverfinu Árbænum.

Einnig mætti nefna hátíðina Barnahátíð á Klambratúni en hátíð þeirra sem haldin var 30. Júlí á þessu ári er með mjög svipaða dagskrá og við vorum með í fyrra. Munurinn þar er að þeir rukka 1200 krónur inn á hátíðina og selja veitingar þrátt fyrir að vera einnig með styrki þar á meðal frá RVK meðan við höfum allt frítt, þar á meðal vinnuna okkar.

Breiðholtfestival fékk eftirfarandi styrki

TEKJUR:

Borgarsjóður Reykjavíkurborgar: 500.000

Samfélagsstyrkur Landsbankans: 700.000

Hverfissjóður Reykjavíkurborgar: 700.000

Hverfisráð Breiðholts: 250.000

Þjónustumiðstöð Breiðholts: 300.000

Borgarráð Reykjavíkur: 500.000

TEKJUR ALLS: 2.950.000 ISK

Sjá hér að ofan í útgjaldaliðum Breiðholts Festivals að þeir fá styrki úr 3 sjóðum borgarinnar.

Við í Íbúasamtökunum sóttum um styrki í Borgarsjóð og hjá Borgarráði fyrir hátíðiðna 2014 en var okkur hafnað þar og bent á að slíkir styrkir skulu sækja um í hverfissjóð. Því þykir okkur mjög miður að sjá að þeir sömu sjóðir eru að styrkja aðra slíka hátíð þrátt fyrir rökstuðning um annað til okkar.

Við í Íbúasamtökunum finnumst við ekki sitja við sama borð og Breiðhýltingar og önnur hverfi Reykjavíkurborgar. Í Breiðholti þar sem þeir hafa hverfisstjóran Óskar Dýrmund í fullu starfi í því einu að vinna að hverfinu. Þetta veitir þeim forskot á allar tengingar inn í stjórnsýslu borgarinnar. Að okkar bestu vitund var þetta gert sem tilrauna verkefni fyrir einhverjum 10 árum og enn hafa þeir hverfisstjóran sinn sem er vel og gott fyrir íbúa Breiðholts. Er ekki kominn tími á að taka þetta verkefni lengra þar sem þetta getur varla flokkast undir tilraunaverkefni lengur og leyfa okkur Árbæingum að eignast okkar eigin hverfisstjóra sem vinnur heilshugar að því að bæta hverfið okkar. Þannig geta íbúar Árbæjar notið sömu þjónustu og stuðnings og íbúar Breiðholts. Eða sitja ekki allir íbúar Reykjavíkurborgar við sama borð og eiga að njóta sömu þjónustu?

<https://issuu.com/skrautas/docs/ab-2016-09> sjá bls.6 2016

<https://issuu.com/skrautas/docs/ab-2015-09> sjá bls.8 2015

<https://issuu.com/skrautas/docs/ab-2014-10> sjá bls, 12 2014

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/08/13/sumarleg_hatid_i_arbaenum_2/

Við skorum á Hverfisráð Árbæjar, Borgarsjóð, Borgarráð og stjórnendur borgarinnar að íhuga þessi mál vel og betur og fylgja eftir jafnræði og að allir íbúar borgarinnar njóti sömu þjónustu, athygli og áhuga og önnur hverfi hennar.

Reykjavík er stærri en miðborgin og Breiðholt.

Kveðja fyrir hönd stjórnar Íbúasamtaka Árbæjar, Ártúnsholts og Seláss

Elvar Örn Þórisson Formaður íbúasamtakana

Ólafur Ragnarsson Vara formaður íbúasamtakana.

From: Sverrir Guðjónsson [mailto:artcentrum@centrum.is]
Sent: 29. ágúst 2017 13:41
To:
Subject: "EITTHVAÐ ER ROTIÐ Í REYKJAVÍK"?

Kæra Reykjavík.

Nú geri ég mér ekki grein fyrir því hversu margir hafa tekið mína greinargerð, "Eitthvað er rotið í Reykjavík" alvarlega innan borgarkerfis Reykjavíkur. Sami hávaðinn berst áfram frá Austurstræti eins og ekkert hafi í skorist, og enginn hátalari hefur verið fjarlægður af veggjum skemmtistaðanna. Ef til vill lítur Borgarstjórn Reykjavíkur á þetta sem minni háttar mál, sem auðvelt er að sópa undir teppið, en í augnablikinu er miðborgin heltekin af hávaðamengun í boði Reykjavíkuborgar, sem þarf að stemma stigu við og fylgja eftir með þeim viðurlögum sem lög og reglur gera ráð fyrir.

Undirritaður hefur búið um 20 ára skeið í Grjótaþorpi, stendur utan allra stjórnmálaflokka, og hefur langvarandi reynslu af því að lítið er um efndir þegar Borgarstjórn Reykjavíkur er annars vegar.

Vonandi verður annað uppi á teningum að þessu sinni.

Með von um fundarboð við fyrsta tækifæri.

Sverrir Guðjónsson

Elín Edda Árnadóttir

Grjótagötu 6

101 Reykjavík

+3548471567

From: Sverrir Guðjónsson [mailto:artcentrum@centrum.is]
Sent: 30. ágúst 2017 12:33
To:
Subject: Re: "EITTHVAÐERROTIDÍREYKJAVÍK"?

Kæra stjórn Reykjavíkurborgar!
c/o Guðmundur Már.

Þakkir fyrir þín viðbrögð.

Það virðist vera tilhneiging hjá yfirstjórn og yfirmönnum deilda Reykjavíkurborgar að leiða hjá sér athugasemdir, sem beina athyglinni að því sem miður fer og bæta þarf, í þessu tilfelli gagnvart íbúum miðborgarinnar.

Ég hef fengið sterk viðbrögð frá nokkrum íbúum og hótélum miðborgar sem eru bókstaflega að gefast upp á þeirri hávaðamengun sem líðst í boði Reykjavíkurborgar.

Að okkar mati er það afar mikilvægt að fá fund með ábyrgðaraðilum eftirfarandi embætta, helst öllum á sama stað og sama tíma:

Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu
Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu
Heilbrigðiseftirlitinu
Umhverfis- og skipulagssviði
Byggingafulltrúa
Borgarstjórnar
Umboðsmanns borgarbúa

Getur þú, sem umboðsmaður borgarbúa komið þessu í kring, þannig að stjórnendur viðkomandi deilda mæti á fund ásamt okkar fulltrúum.

Virðingarfyllst.

BARÁTTUSAMTÖK MIÐBORGAR :

Sverrir Guðjónsson
Elín Edda Árnadóttir
Grjótagötu 6
101 Reykjavík

From: Sverrir Guðjónsson [mailto:artcentrum@centrum.is]
Sent: 8. ágúst 2017 13:51
To:

EITTHVAÐ ER ROTIÐ Í R E Y K J A V Í K?

Opið skeyti til Borgarstjórnar Reykjavíkur, Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, Sýslumannsembættis Reykjavíkurborgar og Umboðsmanns borgarbúa.

Nú er svo komið að við undirrituð, íbúar í Íbúasamtökum Grjótagarps getum ekki orða bundist.

Veitinga-og skemmtistaðir miðborgarinnar keppast um athygli og barsölu og eru flestir komnir með hátalarabox utan á vegg húsanna, til þess að fanga athygli gesta og gangandi án nokkurs tillits til þeirra nærumhverfis. Sumir þessara skemmtistaða tíðka það einnig að setja stór hátalarabox við útidurnar, til viðbótar við hátalara utandyra og streyma þannig tónlist út á götur og torg. Hér er um að ræða: American Bar; The Drunk Rabbit; Austur; Burro disco-bar og fleiri!

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar er ekki leyfilegt að streyma tónlist út á götur borgarinnar, hvað þá að halda vöku fyrir íbúum miðborgar og hótलगestum, sem síðan rita um sínar svefnlausu nætur. Undirrituð hafa rætt við eigendur viðkomandi skemmtistaða, sem í raun breyta miðborginni í eitt alsherjar party-svæði þar sem óleyfilegir “útitónleikar” halda vöku fyrir íbúum langt fram á nætur, ekki aðeins um helgar, heldur alla daga vikunnar. Einnig hafa undirrituð haft samband við lögreglu sem virðist gjörsamlega lömuð í tengslum við þennan óskunda og telja þetta vonlausa baráttu, þar sem tónlistin er skrúfuð í botn um leið og lögreglan snýr við ‘þeim’ baki. Um nýafstaðna Verslunarmannahelgi kastaði þó tölfunum, þegar hávaðinn og hamangurinn náði hámarki svo allt lék á reiðiskjálf eftirlits-og stjórnlaust fram til dögunar, í boði Innipúkans og Reykjavíkurborgar, eða “Free Outdoor Party”, eins og það var kynnt í ‘The Reykjavik Grapevine’.

Eins og fram kemur þá hafa undirrituð gert tilraun til þess að ræða við eigendur nokkra þessara staða, en ekki átt erindi sem erfiði. Við förum því fram á það að eigendur viðkomandi veitinga-og skemmtistaða taki niður hátalarabox sem eru staðsett utandyra og sjái jafnframt til þess að hátölurum sé ekki stillt upp við útidyr. Einnig verði viðkomandi gerð grein fyrir þeirra ábyrgð í tengslum við hávaðamengun og truflun sem þeir valda á friðhelgi einkalífs, sem er tíunduð í 4.grein Lögreglusamþykktar frá 19.nóvember 2008:

Bannað er að hafast nokkuð að sem veldur ónæði eða raskar næturro manna. Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflytningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri ef ástæða er til að ætla að hún valdi verulegu ónæði eða truflun. Borgarstjórn getur bannað neyslu áfengis á almannafæri á tilteknum tíma á tilteknum svæðum í þéttbýli. Slíka samþykkt skal tilkynna lögreglustjóra og birta almenningi.

Undirrituð hafa búið síðastliðin tuttugu ár í miðborg Reykjavíkur, og það má halda því fram að hinn ‘náttúrulegi’ borgarniður sé sú ‘tónlist’ stórborga sem við sækjumst eftir. Þetta samhengi hlutanna sýngur gjörsamlega í loft upp, þegar nokkrum krám í borginni líðst að halda heilu hverfi miðborgar í gíslingu með yfiringilegum hávaða og tillitsleysi, sem óneitanlega er farið að minna ástandið í kringum hið lágvæðilega ‘súlustaðatímabil’ Reykjavíkur. Að okkar mati þurfa stjórnendur Reykjavíkurborgar að gera það upp við sig hvort ástæða sé til þess að styðja við þá íbúabyggð sem enn þrífst í miðborginni, og þá hvernig það sé best framkvæmt og því síðan fylgt eftir með viðeigandi ráðstöfunum og viðurlögum.

Við undirrituð förum hér með fram á fund við fyrsta tækifæri ásamt ráðamönnum Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst.

Sverrir Guðjónsson
Elín Edda Árnadóttir
Grjótagötu 6
Grjótagarpi
101 Reykjavík



DíaMats - félag um díalektíska efnishyggju
Vésteinn Valgarðsson
forstöðumaður

DíaMat - félag um díalektíska efnishyggju - ósk um úthlutun lóðar án endurgjalds

Með tilvísun til umsóknar Lífskoðunarfélagsins DíaMats dags. 26. maí 2017 um lóð án endurgjalds á grundvelli 5. gr. laga nr. 35/1970.

Í 5. gr. laga nr. 35/1970 kemur fram að sveitarfélagi beri að úthluta þjóðkirkjunni lóð undir kirkju án greiðslu gatnagerðargjalds. Ákvæðið hefur verið haft til hliðsjónar af hálfu Reykjavíkurborgar við úthlutun lóða til trúfélaga á grundvelli jafnræðissjónarmiða. Gatnagerðargjald hefur verið felld niður gagnvart trúfélögum sem sóst hafa eftir kirkjulóðum með vísan til 2. mgr. 6. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald. Fram til þessa hefur ákvæðinu ekki verið beitt um lóðaúthlutun til skráðra lífskoðunarfélaga. Gatnagerðargjald lóða fyrir lífskoðunarfélag verður ekki felld niður á grundvelli 5. gr. laga nr. 35/1970 þar sem það tekur skyldu sveitarfélags til þess að leggja kirkjum til lóð án greiðslu gatnagerðargjalds. Ber að skýra það ákvæði þröngt þar sem gatnagerðargjald er skattur.

Reykjavíkurborg lítur jafnframt svo á að forsenda fyrir slíkri úthlutun sé að Reykjavíkurborg setji sér stefnu um það hvaða skilyrði trúfélag/lífskoðunarfélag eftir atvikum, þurfi að uppfylla til þess að fá úthlutað lóð. Með því móti verði jafnræðis gætt til framtíðar. Slík stefna getur geymt skilyrði sem gætu verið önnur en þau sem sett eru fyrir því að stofna trúfélag/lífskoðunarfélag og fá það skráð sem slíkt hjá innanríkisráðuneytinu. Nefna má skilyrði eins og fjölda safnaðarmeðlima, að söfnuður þurfi að sýna fram á mögulega fjárhagslega getu til þess að reisa þær byggingar sem fyrirhugað er að reisa á viðkomandi lóð, svo dæmi sé tekið.

Á meðan að mótuð stefna er ekki fyrir hendi mun Reykjavíkurborg bíða með allar úthlutanir á kirkjulóðum.

Hrólfur Jónsson

Málsnr.: R17 08 0098
Skjalasafn Ráðhúss
04. sep. 2017
Bréfalykill: 1210


Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. ágúst 2017

Varðar: Árshlutareikning SORPU bs., janúar – júní 2017

Meðfylgjandi er árshlutareikningur SORPU bs. janúar – júní 2017 sem stjórn byggðasamlagsins staðfesti á stjórnarfundum þann 16. ágúst 2017.

Virðingarfyllst,




Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

Árshlutareikningur

SORPA bs.

Janúar - júní 2017



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur tímabilsins 1.1. til 30.6. 2017	4
Efnahagsreikningur 30. júní 2017	5-6
Sjóðstreymi tímabilsins 1.1. til 30.6. 2017	7
Skýringar	8-14
Fylgigögn með ársreikningi	15

Stjórn SORPU bs.:

Halldór Auðar Svansson, stjórnarformaður
Guðmundur Geirdal, varaformaður
Bjarni Torfi Álfþórsson
Kolbrún Þorsteinsdóttir
Rósa Guðbjartsdóttir
Sturla Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri:

Björn Hafsteinn Halldórsson

Kjörnir endurskoðendur:

KPMG ehf.
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Aðalstarfsemi SORPU bs. er að annast meðhöndlun úrgangs.

Árshlutareikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður samlagsins 233,7 millj.kr. á tímabilinu. Eigið fé samlagsins í lok tímabils nam um 2.427 millj.kr. en nam um 2.194 millj.kr. í byrjun tímabils. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings varðandi fjárhagsstöðu samlagsins og rekstur þess á liðnu tímabili.

Ársverk hjá samlaginu voru 108 og launagreiðslur samlagsins námu um 390,8 millj.kr. á tímabilinu.

Stjórn SORPU bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árshlutareikning samlagsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 16. ágúst 2017

Stjórn SORPU bs.:

Halldór Auður Svansson
Guðrún P.
Súsa Þorsteinsson
Ragnheiður Elstun
Hilmarinn Látnan

Framkvæmdastjóri:

Björn H. Guðbjörnsson

Könnunararitun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda SORPU bs.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning SORPU bs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017, sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2017 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 16. ágúst 2017

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir
Fagils Ólafsson

Rekstrarreikningur janúar - júní 2017

	Skýr.	1/1-30/6 2017	1/1-30/6 2016	2016
Rekstrartekjur				
Þjónustutekjur		1.793.151.441	1.566.015.289	3.322.491.044
Aðrar tekjur		2.210.576	782.700	3.065.382
	3	<u>1.795.362.017</u>	<u>1.566.797.989</u>	<u>3.325.556.426</u>
Rekstrargjöld				
Laun og tengd gjöld	14	517.594.181	457.336.321	946.678.312
Rekstrarkostnaður		961.545.749	899.600.461	1.829.194.928
Afskriftir	2, 6	79.745.304	70.054.721	148.413.718
	4	<u>1.558.885.234</u>	<u>1.426.991.503</u>	<u>2.924.286.958</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ...		236.476.783	139.806.486	401.269.468
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5	(2.738.516)	(6.985.041)	17.352.560
Hagnaður tímabilsins		<u>233.738.267</u>	<u>132.821.445</u>	<u>418.622.028</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	30/6 2017	30/6 2016	2016
Fastafjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir:	2, 6			
Gufunes móttökustöð		294.799.993	329.515.931	316.023.191
Álfsnes urðunarstöð		659.139.765	467.640.346	569.538.156
Gufunes vélar og tæki		299.970.550	252.909.307	289.256.388
Endurvinnslustöðvar		433.662.258	394.959.710	440.595.963
		<u>1.687.572.566</u>	<u>1.445.025.294</u>	<u>1.615.413.698</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í öðrum félögum	7	23.790.843	22.868.651	23.790.843
Bundnar bankainnstæður		60.543.818	49.781.912	55.228.072
		<u>84.334.661</u>	<u>72.650.563</u>	<u>79.018.915</u>
Fastafjármunir		<u>1.771.907.227</u>	<u>1.517.675.857</u>	<u>1.694.432.613</u>
Veltufjármunir				
Skammtímakröfur:				
Viðskiptakröfur	2	214.874.551	183.891.827	196.869.290
Aðrar kröfur		4.179.514	259.834	7.431.478
Kröfur á tengd félög	15	200.419.342	280.225.045	295.918.910
Fyrirframgreiddur kostnaður	17	420.941.897	2.043.818	128.914.868
Handbært fé:	2			
Bankainnstæður		857.530.695	890.373.578	909.333.348
Veltufjármunir		<u>1.697.945.999</u>	<u>1.356.794.102</u>	<u>1.538.467.894</u>
Eignir samtals		<u>3.469.853.226</u>	<u>2.874.469.959</u>	<u>3.232.900.507</u>

30. júní 2017

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	30/6 2017	30/6 2016	2016
Eigið fé	8, 9			
Stofnfé		336.962.569	336.962.569	336.962.569
Óráðstafað eigið fé		2.090.266.597	1.570.727.747	1.856.528.330
Eigið fé samtals		<u>2.427.229.166</u>	<u>1.907.690.316</u>	<u>2.193.490.899</u>
Skuldbindingar				
Skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað	11	63.081.373	51.913.118	57.522.125
Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva	12	227.643.148	202.682.445	215.644.689
Skuldbindingar		<u>290.724.521</u>	<u>254.595.563</u>	<u>273.166.814</u>
Langtímaskuldir				
Skuldir við lánastofnanir	10	231.283.669	297.992.385	262.157.729
Langtímaskuldir		<u>231.283.669</u>	<u>297.992.385</u>	<u>262.157.729</u>
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir		249.541.829	199.469.843	317.417.582
Ýmsar skammtímaskuldir		194.008.055	138.315.947	112.415.071
Næsta árs afborganir langtímaskulda	10	77.065.986	76.405.905	74.252.412
Skammtímaskuldir		<u>520.615.870</u>	<u>414.191.695</u>	<u>504.085.065</u>
Skuldir samtals		<u>1.042.624.060</u>	<u>966.779.643</u>	<u>1.039.409.608</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>3.469.853.226</u>	<u>2.874.469.959</u>	<u>3.232.900.507</u>
Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	13			

Sjóðstreymi janúar - júní 2017

	Skýr.	1/1-30/6 2017	1/1-30/6 2016	2016
Handbært fé frá rekstri				
Frá rekstri:				
Hagnaður af reglulegri starfsemi		233.738.267	132.821.445	418.622.028
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir	2, 6	79.745.304	70.054.721	148.413.718
Sölutap (hagnaður) fastafjármuna	(	71.286)	430.586	402.357
Áhrif hlutdeildarféлага		0	0	(922.192)
		<u>313.412.285</u>	<u>203.306.752</u>	<u>566.515.911</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)	(	211.280.758)	(142.273.891)	(304.987.913)
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		<u>13.874.559</u>	<u>44.739.449</u>	<u>136.932.972</u>
		<u>(197.406.199)</u>	<u>(97.534.442)</u>	<u>(168.054.941)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>116.006.086</u>	<u>105.772.310</u>	<u>398.460.970</u>
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfest í Gufunesi	6	(45.344.188)	(7.087.001)	(84.983.075)
Fjárfest í Álfsnesi og svæðisáætlun	6	(114.322.400)	(47.842.195)	(173.229.040)
Fjárfest í endurvinnslustöðvum	6	(477.915)	(17.709.975)	(70.297.324)
Söluverð fastafjármuna		900.000	1.196.774	1.396.774
Breyting langtímakrafna		0	3.731.240	0
Breyting bundinna innstæðna	(	4.701.881)	(3.738.333)	(8.279.947)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(163.946.384)</u>	<u>(71.449.490)</u>	<u>(335.392.612)</u>
Fjármögnunarhreyfingar				
Ábyrgðargjald v/urðunarstaða		4.945.383	4.096.839	8.801.300
Ný langtímalán		6.325.000	0	0
Greiddar afborganir langtímalána	(	36.725.909)	(40.686.700)	(80.320.100)
Breyting á skuldbindingu endurv.stöðva		<u>21.593.171</u>	<u>17.466.458</u>	<u>42.609.629</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(3.862.355)</u>	<u>(19.123.403)</u>	<u>(28.909.171)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(	51.802.653)	15.199.417	34.159.187
Handbært fé í byrjun ársins		<u>909.333.348</u>	<u>875.174.161</u>	<u>875.174.161</u>
Handbært fé í lok tímabilsins		<u>857.530.695</u>	<u>890.373.578</u>	<u>909.333.348</u>

Skýringar

Starfsemi

1. Fyrirtækið er skráð undir nafninu SORPA bs. í fyrirtækjaskrá og þjóðskrá.

Byggðasamlagið heitir SORPA bs. sem stendur fyrir Sorpeyðingu höfuðborgarsvæðisins byggðasamlag. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Það er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum (nr. 45/1998) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

Tilgangur byggðasamlagsins er að annast meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr. 55/2003 fyrir sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem öll eru stofnaðilar að því.

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

2. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Árshlutareikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í meginatriðum eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Við gerð árshlutareiknings ber stjórnendum samlagsins að meta ýmsa liði árshlutareiknings. Matsaðferðirnar byggja á góðri reikningsskilavenju. Endanleg niðurstaða sem verður við innlausn eða sölu þeirra liða, sem metnir voru, getur orðið önnur en niðurstaða mats stjórnenda.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samlagsins.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð árshlutareiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum árshlutareiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í árshlutareikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok tímabilsins. Verðbætur og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar í árshlutareikninginn þegar kröfuréttur myndast.

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í árshlutareikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýta samlaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir er upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til að niðurlagsverð er náð. Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Gufunes, móttökustöð	5 - 25 ár
Álfsnes	5 - 10 ár
Vélar og tæki	5 - 9 ár
Endurvinnslustöðvar	0 - 25 ár

Leigðar eignir

Leigusamningar, sem eru með þeim skilmálum að efnislega öll áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldi á hinum leigð eignum færist yfir til samlagsins, eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar. Við upphaflega skráningu í bókhaldi er eignirnar færðar á gangvirði eða núvirði lágmarksleigugreiðslna, hvort sem lægra reynist. Á síðari reikningsskiladögum er eignirnar færðar samkvæmt þeirri reikningsskilaaðferð sem gildir um viðkomandi eignir.

Aðrir leigusamningar teljast til rekstrarleigusamninga og eru hinar leigðu eignir ekki færðar til eignar.

Eignarhlutir í félögum

SORPA bs. á 100% eignarhlut í Metan ehf. Ekki er færð hlutdeild í tekjum tímabilsins. Ekki eru gerð samstæðureikningssk þar sem það hefur óverulega þýðingu fyrir rekstur og efnahag samstæðunnar vegna smæðar sbr. 70 gr. laga nr. 3/2006.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapas. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Óbein niðurfærsl viðskiptakrafna nam 6,0 millj.kr. í lok tímabilsins. Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur á tímabilinu námu 0,2 millj.kr.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Rekstrartekjur

3. Rekstrartekjur sundurliðast þannig:

	1/1-30/6 2017	1/1-30/6 2016	2016
Móttökugjöld	1.405.407.818	1.160.922.759	2.473.030.472
Endurvinnsluafurðir	263.657.960	230.803.777	505.506.954
Endurvinnslustöðvar	513.397.417	474.563.406	955.766.749
Grenndargámar	21.023.625	22.822.355	43.246.983
Útseld þjónusta	28.785.749	27.328.997	56.758.592
Aðrar tekjur	2.210.576	782.700	3.065.382
Nytjamarkaður	171.332.427	156.851.755	342.488.999
Vinna milli deilda - eigin not	(610.453.555)	(507.277.760)	(1.054.307.705)
	<u>1.795.362.017</u>	<u>1.566.797.989</u>	<u>3.325.556.426</u>

Rekstrargjöld

4. Rekstrargjöld sundurliðast þannig:

	1/1-30/6 2017	1/1-30/6 2016	2016
Yfirstjórn og sameiginlegur kostnaður	107.617.468	93.896.736	168.580.643
Þróunar-, tækni- og fræðsludeild	52.609.698	84.157.389	144.978.364
Móttöku- og urðunarkostnaður	1.301.072.640	1.099.972.221	2.318.949.785
Grenndargámar	21.023.625	22.822.355	43.246.983
Rekstur útleigðs húsnæðis	2.285.514	2.005.401	4.583.140
Nytjamarkaður	171.332.427	156.851.755	342.488.999
Rekstur endurvinnslustöðva	513.397.417	474.563.406	955.766.749
Vinna milli deilda - eigin not	(610.453.555)	(507.277.760)	(1.054.307.705)
	<u>1.558.885.234</u>	<u>1.426.991.503</u>	<u>2.924.286.958</u>

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld sundurliðast þannig:

	1/1-30/6 2017	1/1-30/6 2016	2016
Vaxtatekjur og verðbætur	782.748	633.911	31.922.437
Vaxtagjöld og verðbætur	(3.099.403)	(5.203.713)	(10.275.379)
Gengismunur	(421.861)	(2.415.239)	(5.216.690)
Áhrif hlutdeildarfélaga	0	0	922.192
	<u>(2.738.516)</u>	<u>(6.985.041)</u>	<u>17.352.560</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

<i>fjárhæðir í þús.kr.</i>	Gufunes móttökustöð	Álfsnes urðunarstöð svæðisáætlun	Gufunes vélar og tæki	Endurvinnslu- stöðvar	Samtals
Heildarverð 1.1. 2017	1.008.617	1.157.133	821.541	612.739	3.600.030
Afskrifað áður	(692.594)	(587.595)	(532.285)	(172.143)	(1.984.616)
Bókfært verð í upphafi árs	316.023	569.538	289.256	440.596	1.615.414
Viðbót á tímabilinu	0	114.322	45.344	478	160.145
Selt og niðurlagt á tímabilinu ..	0	0	(829)	0	(829)
Afskrifað á tímabilinu	(21.223)	(24.721)	(33.801)	(7.412)	(87.157)
Bókfært verð 30.6. 2017	294.800	659.140	299.971	433.662	1.687.573
Afskriftarhlutföll 6 mán.	4–20%	10–20 %	12–25%	0–4%	
Afskriftir færast eftirfarandi:					
Í rekstur					79.745
Til lækkunar á skuldbindingu vegna endurvinnslustöðva					7.412
					87.15

Vátryggingarverð véla og tækja byggðasamlagsins nam 1.972,9 millj.kr. samkvæmt mati tryggingafélagsins.

Áhættufé í öðrum félögum

7. Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Metan ehf.	100%	47.000.000	23.790.843
		47.000.000	23.790.843

Eigið fé

8. Stofnfé sundurliðast þannig:

	Stofnfé	
Reykjavíkurborg	66,7%	224.723.250
Kópavogur	11,3%	38.037.800
Hafnarfjörður	10,7%	36.059.363
Garðabær	5,5%	18.456.102
Mosfellsbær	3,0%	10.145.453
Seltjarnarnes	2,8%	9.540.601
	100,0%	336.962.569

9. Breytingar á eigin fé SORPU bs. greinast þannig:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2017	336.962.569	1.856.528.330	2.193.490.899
Hagnaður tímabilsins	0	233.738.267	233.738.267
Eigið fé samtals 30.6. 2017	336.962.569	2.090.266.597	2.427.229.166

Langtímaskuldir

10. Yfirlit um langtímaskuldir:

	Vaxtakjör 30.6. 2017	Eftirstöðvar 30.6. 2017
Íslandsbanki	NVT 4%	95.691.053
Lánasjóður sveitarfélaga	NVT 2,45-3,45%	123.665.951
Eignaleigur	ÓVTR 7,4-7,85%	88.992.651
		308.349.655
Næsta árs afborganir langtímaskulda		(77.065.986)
		231.283.669

Langtímaskuldir greinast þannig :

Skuldir vegna byggðasamlagsins	88.992.651
Skuldir vegna endurvinnslustöðva	219.357.004
	308.349.655

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

	Samtals
1.7. 2017 - 30.6. 2018	77.065.986
1.7. 2018 - 30.6. 2019	70.710.858
1.7. 2019 - 30.6. 2020	65.603.302
1.7. 2020 - 30.6. 2021	37.651.587
1.7. 2021 - 30.6. 2022	19.361.354
Afborgun síðar	37.956.568
Langtímaskuldir alls	308.349.655

Skuldbindingar

11. Í samræmi við 11. og 31. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 10 gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, tók stjórn SORPU bs. ákvörðun um að leggja á sérstakt gjald á urðaðan úrgang til að uppfylla ákvæði framangreindra laga og reglugerða um ábyrgð á eftirliti og vöktun með urðunarstaðnum í 30 ár eftir að honum hefur verið lokað. Gjaldið leggst á allan urðaðan úrgang frá 16. júlí 2009 að telji. Ábyrgðin er í samræmi við 17. gr. lið b í reglugerð nr. 738/2003.

Til gjalda á tímabilinu eru færðar 4,9 millj.kr. og nemur skuldbinding vegna ábyrgðar á urðunarstað í lok tímabilsins 63 millj.kr.

Húsaleiguskuldbinding SORPU bs. nemur 51,2 millj.kr. í lok tímabilsins.

12. Endurvinnslustöðvar eru í eigu sveitarfélaganna og er færð skuldbinding vegna þeirra í bókum SORPU bs. Á móti lánum sem tekin voru vegna endurvinnslustöðva á SORPA bs. kröfu á hendur sveitarfélögunum og dregst hún frá skuldbindingunni.

Breyting skuldbindingarinnar er eftirfarandi á tímabilinu:

Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva í ársbyrjun	440.595.961
Krafa á sveitarfélögin, vegna langtímalána endurvinnslustöðva, í ársbyrjun	(224.951.274)
Afskrift á tímabilinu	(7.411.615)
Vextir og uppreikningur langtímalána	(6.329.875)
Greiðslur frá sveitarfélögunum	25.739.953
	<u>227.643.148</u>

Skuldbindingin sundurliðast þannig:

Endurvinnslustöðvar í lok tímabilsins	433.662.258
Langtímalán og áfallnir vextir vegna endurvinnslustöðva	(220.903.927)
Lántökur umfram fjárfestingu	14.884.817
	<u>227.643.148</u>

Skuldbindingin skiptist í hlutfalli við íbúafjölda sveitarfélaga þann 1. desember 2016:

Reykjavíkurborg	56,89%	129.508.606
Kópavogur	16,26%	37.014.463
Hafnarfjörður	13,25%	30.166.157
Garðabær	7,04%	16.017.891
Mosfellsbær	4,51%	10.261.955
Seltjarnarnes	2,05%	4.674.074
	<u>100,0%</u>	<u>227.643.148</u>

Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

13. Sveitarfélög sem standa að byggðasamlaginu bera einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfurr. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda þeirra.

Eignir samlagsins eru ekki veðsettar aðrar en þær sem keyptar eru með fjármögnunarleigu.

Önnur mál

Laun og launatengd gjöld

14. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	1/1-30/6 2017	1/1-30/6 2016	2016
Laun	390.760.305	355.846.757	746.988.717
Stjórnarlaun	5.310.388	5.299.222	9.813.474
Launatengd gjöld	<u>121.523.488</u>	<u>96.190.342</u>	<u>189.876.121</u>
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>517.594.181</u>	<u>457.336.321</u>	<u>946.678.312</u>

Ársverk	108	106	107
---------------	-----	-----	-----

15. Tengdir aðilar eru:

	Seld þjón. & vörur	Keypt þjón. & vörur	Kröfur	Skuldir
Eigendur og dótturfélög þeirra	905.216.854	61.100.397	199.943.261	14.609.604
Óuppgert vegna endurvinnslustöðva og grenndargáma	0	0	0	17.907.811
Metan ehf. dótturfélag SORPU bs.	<u>2.818.752</u>	<u>2.865.715</u>	<u>476.081</u>	<u>595.361</u>
	<u>908.035.606</u>	<u>63.966.112</u>	<u>200.419.342</u>	<u>33.112.776</u>

16. Eitt mál er varðar SORPU bs. er rekið fyrir dómstólum en um er að ræða skaðbótakröfu Gámaþjónustunnar hf. upp á 105 milljónir kr. auk vaxta og verðbóta en SORPA bs. hefur hafnað þeim kröfum og ekki fært skuldbindingu vegna þessa.

17. Fyrirframgreiddur kostnaður er vegna REIN20 sem verður gjaldfærður eftir notkun næstu ár.

Fylgigögn með árshlutareikningi 2017

Fimm ára yfirlit samlagsins

18. Fimm ára yfirlit félagsins á verðlagi hvers árs (í þús.kr):

Rekstur	1/1-30/6 2017	2016	2015	2014	2013
Rekstrartekjur	1.795.362	3.325.556	2.814.158	2.444.433	2.429.390
Rekstrargjöld	(1.479.140)	(2.775.873)	(2.271.244)	(2.148.451)	(2.184.258)
Hagnaður f. afskriftir	316.222	549.683	542.914	295.982	245.131
Afskriftir	(79.745)	(148.414)	(138.587)	(149.811)	(140.711)
Hagnaður f. fjárm.liði	236.477	401.269	404.326	146.171	104.420
Fjármagnsliðir	(2.739)	17.353	12.286	50.449	(7.750)
Hagnaður ársins	233.738	418.622	416.613	196.620	96.660

Efnahagur	30/6 2017	2016	2015	2014	2013
Fastafjármunir	1.771.907	1.694.433	1.518.360	1.417.420	1.375.280
Veltufjármunir	1.697.946	1.538.468	1.199.321	889.931	591.740
Eignir samtals	3.469.853	3.232.901	2.717.681	2.307.351	1.967.020
Eigið fé	2.427.229	2.193.491	1.774.869	1.358.256	1.161.637
Skuldbindingar	290.725	273.167	238.412	209.574	185.812
Langtímaskuldir	231.284	262.158	327.841	401.420	322.461
Skammtímaskuldir	520.616	504.085	376.559	338.101	297.111
Eigið fé og skuldir samtals	3.469.853	3.232.901	2.717.681	2.307.351	1.967.020

	30/6 2017	2016	2015	2014	2013
19. Veltufjárhlutfall	3,26	3,05	3,18	2,63	1,99
Eiginfjárhlutfall	69,95%	67,85%	65,31%	58,87%	59,06%
Arðsemi eigin fjár	10,12%	21,10%	26,59%	15,61%	7,84%
Skuldsetningarhlutfall.....	9,53%	11,95%	18,47%	29,55%	27,76%
Ársverk.....	108	107	98	94	90

***BORGARRÁÐ 31. ágúst 2017: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um
kostnað vegna flutnings bílastæðasjóðs - R17080184***

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um flutninga bílastæðasjóðs og kostnað vegna þeirra. Ljóst er að stöðumælaverðir verða ekki eins vel staðsettir á nýjum stað ef horft er til gjaldskyldra svæða. Hefur verið tekið tillit til þess tíma sem það tekur stöðumælaverði að ferðast til að komast yfir gjaldskyld svæði út frá nýrri staðsetningu inn í þeim kostnaði?